



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Reykjavík, 10. september 2024

USK24080112

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. ágúst 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

- Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju meirihlutinn og skipulagsyfirvöld hafa sett hraðahindranir rétt þegar komið er að þverun þar sem hringtorg er í beinu framhaldi þar sem það segir sig sjálf að ekki er hægt annað en að hægja á sér til að komast inn í hringtorgið og hraðahindrun því óþörf?*
- Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig upplýsinga um af hverju skipulagsyfirvöld hafa sett hraðahindranir strax í kjölfar göngubverunar á nokkrum stöðum í borginni þar sem það hlýtur að liggja í augum uppi að sú hraðahindrun er með öllu tilgangslaus (sbr. á Borgarvegi og á Sundlaugavegi og á Ánanaustum)?*
- Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju skipulagsyfirvöld hafa sett hraðahindranir (nokkrar) á Strandveg en þar eru engin skráð slys og í raun ekkert sem kallar á hraðahindranir enda liggur þessi 50 km gata í sveigjum sem veldur því óhjákvæmilega að ökumenn verða að draga úr hraða. Hraðahindranir sem ekki hafa sýnileg hlutverk gera fátt annað en að skapa mengun og auka eyðslu. Þarna hefur aldrei verið keyrt á gangandi mann.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 21. ágúst 2024.

Svar:

1. Hraðahindranir hafa verið settar upp á slíkum stöðum til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Með því að hægja á umferð bíla áður en komið er að göngubverun aukast líkur á að stöðvað sé fyrir þeim vegfarendum sem ætla sér að nýta göngubverun, aukast líkur á að ökumenn nái að afstýra óhappi sem annars hefði orðið og verði slys þá minnka líkurnar á því að það verði alvarlegt.



Reykjavík



2. Hraðahindranir eru settar upp af ýmsum ástæðum, t.a.m. til að tryggja jafnan hraða, að ekki sé ekið yfir hámarkshraða og til að draga úr hraða í tengslum við gönguþveranir. Stundum er nauðsynlegt að setja hraðahindrun fyrir báðar akstursstefnur til að koma í veg fyrir skrykkjótt aksturslag ökumanna sem reyna að sveigja hjá hraðahindrun og skapa þannig hættu fyrir aðra.

3. Á Strandvegi er hámarkshraði 50 km/klst. Þar hafa verið settar upp hraðahindranir í tengslum við gönguþveranir. Voru þær settar upp m.a. vegna áhyggna sem foreldrar höfðu af miklum hraða sem og miklum akstri stórra bifreiða. Þær hraðamælingar á Strandvegi benda til þess að hámarkshraði sé ekki virtur af stórum hluta ökumanna og því sé tilefni til að hafa umræddar hraðahindranir á Strandvegi til að bæta umferðaröryggi við gönguþveranir. Nauðsynlegt er að hafa í huga að hraðahindranir eru settar til að tryggja öryggi allra vegfarenda, ekki aðeins vegna skráðra slysa heldur líka til að koma í veg fyrir möguleg slys í framtíðinni. Það væri óskandi að ökumenn virtu settan hámarkshraða þannig að ekki væri þörf fyrir hraðahindranir í sama mæli.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

